



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

FARSÓTTAFRÉTTIR

4. árg. 4. tölublað. Apríl 2008.

EFNI:

Mislingar í Evrópu	bls.	1
Inflúensan veturinn 2007–2008 í rénun	bls.	1
Engin sárasóttar-tilfelli á Íslandi árið 2007	bls.	2
Legiónellusmit árið 2007	bls.	2

Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Sigurlaug Hauksdóttir
Þórolfur Guðnason

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

MISLINGAR Í EVRÓPU

Tæplega 4.000 einstaklingar greindust með mislinga í Evrópu á árinu 2007. Á fyrsta fjórðungi 2008 hafa hins vegar um 1.300 einstaklingar greinst með sjúkdóminn og stefnir því allt í að fleiri einstaklingar greinist með mislinga í ár en undanfarin ár.

Flest tilfelli hafa greinst í Sviss, Þýskalandi, Spáni, Rúmeníu, Bretlandi og Írlandi, en í þessum löndum eru hópar fólks óbólusettir.

Mislingar eru alvarlegur sjúkdómur með dánartíðni 5–10% í sumum löndum, en þeir sem lifa sjúkdóminn af geta fengið alvarlegar afleiðingar eftir sýkinguna.

Mislingar hafa ekki greinst á Íslandi í um 20 ár, þökk sé útbreiddri bólusetningu hér á landi.

Ofangreindar fréttir frá Evrópu eru okkur Íslendingum þörf áminning um að ekki má slaka á bólusetningum því að þá skapast hér hætta á mislingafaröldrum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Á Íslandi eru börn bólusett gegn mislingum (MMR bóluefni) við 18 mánaða og 12 ára aldur.




INFLÚENSAN VETURINN 2007–2008 Í RÉNUN

Eins og sjá má af meðfylgjandi mynd hefur inflúensan náð hámarki og er nú í rénun. Sú breyting hefur orðið að meðalaldur sjúklunga hefur hækkað síðustu þrjár vikurnar úr

25 árum í 46 ár. Á sama tímabili greindist inflúensa A, af stofni H3N1, í flestum tilfellanna, en framan af í faraldrinum greindist inflúensa A einungis af H1N1 stofni. Inflúensa A og B greindust jafn oft.

Á þessum vetri hafa því þrjú mismunandi inflúensustofnar gengið yfir sem kann að skýra að margir hafa kvartað yfir endurteknum inflúensueinkennum. Þess skal þó getið að í bóluefninu gegn inflúensu felst vörn gegn stofnunum þremur.



ENGIN SÁRASÓTTARTILFELLI Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2007

*Fjölgun mislinga-
tilfella í Evrópu
er þörf áminning
um að ekki má slaka
á bólusetningum
hér á landi svo að
ekki skapist hætta á
mislingafaröldrum.*

Á árinu sem leið greindist enginn einstaklingur með sárásótt á Íslandi. Síðastliðin ár hafa fáeinir einstaklingar greinst með sárásótt á hverju ári en nánast undantekningalítið hefur viðkomandi orðið fyrir smiti erlendis. Þetta bendir til þess að sárásótt hafi ekki náð útbreiðslu hérlendis, en í stórborgum erlendis hefur sárásótt ásamt öðrum kynsjúkdómum farið hratt vaxandi. Eru karlmenn sem stunda kynlíf með körlum sérstakur áhættuhópur að þessu leyti.

Sárásótt er fremur sjaldgæfur kynsjúkdómur um þessar mundir, tilfelli eru mjög fá hérlendis ár hvert og því eðlilegt að fjöldi tilfella sveiflist lítillaga milli ára án þess að raunveruleg breyting á tíðni sjúkdómsins hafi orðið.

Fjöldi þeirra sem greinist með lekanda hefur farið vaxandi síðastliðin ár eins og fram kom í janúartölublaði *Farsóttafréttu*. Lekandi er algengari sjúkdómur en sárásótt og endurspeglar því fyrir breytingar í kynhegðun manna en sárásóttin, en telja má líklegt að aukin áhættuhegðun liggja að baki fjölgun lekandartilfella.

Forsendur fyrir sárásóttarsmiti ásamt öðru kynsjúkdómsmiti virðast þannig hafa vaxið, ekki síst vegna aukins fjölda sárásóttartilfella í stórborgum erlendis og sífellt vaxandi ferðaþrár Íslendinga. Af þeim sökum vill sóttvarnalæknir hvetja landsmenn til varúðar.

LEGÍONELLUSMIT ÁRIÐ 2007

*Meðalaldur þeirra
sem greindust með
inflúensu
hækkaði úr
25 árum í 46 ár
síðustu þrjár
vikur marsmánaðar.*

Samtals greindust 12 sjúklingar með legíonellusýkingu á síðastliðnu ári samkvæmt upplýsingum frá sýklafræðideild Landspítala og er það nokkuð há tala miðað þann fjölda sem greinst hefur á síðastliðnum árum. Við nánari rannsókn kom í ljós að uppruni smitsins var af mismunandi toga. Talið er að fjórir einstaklingar hafi smitast á Íslandi, tveir á Spáni og einn í Bandaríkjunum, Hollandi, Svíþjóð og Eistlandi, en upplýsingar um smitland vantar fyrir tvo.

Engin þekkt tengsl eru milli þeirra sem smituðust á Íslandi, margir mánuðir liðu milli sýkinganna og tvær mismunandi tegundir bakteríunnar greindust (*Legionella species* og *Legionella pneumophila*). Því varð ekki vart við neina hópsýkingu hérlendis af völdum legíonellu þetta árið. Alls greindust 11 karlar og ein kona.

Sýkingarnar greindust með greiningu á kjarnsýru bakteríunnar í öndunarferasýnum og greiningu á mótefnavaka hennar í þvagi. Í

nú tilfellum greindist tegundin *Legionella pneumophila*, þar af voru sjö staðfest með sermisgerð 1, en það er sú sermisgerð sem oftast veldur sýkingum. Þrír einstaklingar greindust með *Legionella species* samkvæmt kjarnsýrugreiningu frá öndunarferasýnum. Einstaklingar með *Legionella pneumophila* voru á aldrinum 42–65 ára en þeir sem voru með *Legionella species* voru yngri, eða 4–27 ára.

Legíonellubakterían veldur hermannaveiki, sem er alvarlegur sjúkdómur hjá þeim sem eru veikir fyrir og getur leitt til dauða. Hermannaveiki smitast ekki manna á milli heldur er uppruna hennar að finna í umhverfi manna. Bakterían þrífst vel í raka og oft er hægt að rekja smit í hópsýkingum til loftkælinga og údamyndandi búnaðar í umhverfi fólks.

Það er því áriðandi að vera vakandi fyrir skyndilega auknum fjölda tilfella svo að hægt sé að rekja smitið og með aðgerðum sem koma í veg fyrir frekari veikindi.